

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/833
komudagur 16.1.2003

Nefndasvið Alþingis
~~Efnahags- og viðskiptanefnd~~
b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 16. janúar 2003.

Efni: Frv. til I. um fyrirtækjaskrá (mál 351) og frv. til I. um br. á ýmsum I. (mál 350).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvörp sem ráðið telur rétt að gera hér í einu lagi og aðallega um hið fyrrnefnda.

Verslunarráð hefur efasemdir um réttmæti þess að flytja vinnslu og vistun fyrirtækjaskrár til embættis ríkisskattstjóra. Að mati frumvarpshöfunda þykir ekki heppilegt að hagskýrslugerð og rekstur stjórnvaldsskráa fari fram hjá einni og sömu stofnunni. Er það rökstutt með vísun í viðhorf um meðferð persónubundinna gagna. Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að óeðlilegt sé að stofnun reki opinberar skrár og fáist við einstaklingsbundin mál og úrlausn álitamála þegar meginstarfsemi hennar byggist á því að heitið sé fyllsta trúnaði um einstaklingsbunin gögn. Þetta getur Verslunarráð fallist á en telur að þetta ætti einmitt vð ef fyrirtækjaskrá yrði flutt til ríkisskattstjóra.

Verslunarráð benti á árið 1997 að æskilegt væri að kanna hvort einkafyrirtæki gætu ekki sinnt starfi Hlutafélagaskrár, sem þá var starfrækt, og hvatti Verslunarráð og önnur samtök atvinnulífisins til þess að rekstur um slíka skrá yrði boðinn út.

Rétt er að benda á að erlendis, einkum á meginlandi Evrópu, hafa verslunarráð með höndum opinbera fyrirtækjaskráningu. Án þess að Verslunarráð Íslands vilji fullyrði nokkuð hvernig slíkt fyrirkomulag myndi henta hér á landi þá telur ráðið reynslu erlendis sýna að opinber fyrirtækjaskráning eigi vel heima hjá einkaaðilum.

Hlutverk ríkisskattstjóra, að hafa umsjón og eftirlit með álagningu skatta og gjalda, er þess eðlis að það hlýtur að teljast mikilvægt hann hafi ekki einnig með höndum starfsemi sem felur í sér vinnslu á opinberum skráum.

Að lokum vill Verslunarráð taka fram að það telur eðlilegast að málefni fyrirtækjaskrár, og annarra sambærilegra skráa, heyri undir viðskiptaráðherra.

Verslunarráð telur ekki heppilegt að ofangreind frumvörp nái fram að ganga og hvetur til þess að annað fyrirkomulag á fyrirtækjaskrá verði kannað til hlítar.

Virðingarfyllt,
f.h. Verslunarráðs Íslands,
Sigríður Ásthildur Andersen.